

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

133. fundur fræðsluráðs verður haldinn miðvikudaginn, 13. Júní 2012, kl. 15.00 í fundarsal ráðhússins.

Mættir undirritaðir.

## Dagskrá:

### 1. Viðræður við leikskólastjóra Ásgarðs ( kl.15.00)

- Staðfesting á skóladagatali og starfsmannahald veturinn 2012-2013.
- Áfangaskýrsla kynnt vegna þróunarverkefnis Leikur er barna yndi.

### 2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla (kl. 15.30)

Niðurstaða skoðanakönnunar vegna seinkunar á heimaakstri.

Nýjar skólareglur.

Skóladagatal.

Starfsmannahald veturinn 2012-1013.

### 3. Viðræður við forstöðumenn Skólabúðanna á Reykjum um starfsemina. ( kl 16.00)

### 4. Viðræður við skólastjóra tónlistarskóla um starfsemi skólans og starfsmannahald veturinn 2012-1013 (kl 16.30)

1. Fræðsluráð staðfesti skóladagatal leikskólans Ásgarðs. Starfsmenn munu fara í námsferð til fyrir sumarlokun 2013 . Hugsanlega breytist einn starfsdagur, þannig að einn starfsdagur gæti færst til 12. júní. Leikskólastjóri kynnti starfsmannahaldið veturinn 2012-2013. Breytingar á starfsmannahaldi verða kynntar í fréttabréfi til foreldra. Leikskólastjóri afhenti einnig áfangaskýrslu vegna þróunarverkefnis Leikur er barna yndi. Lokaskýrslu verður skilað í janúar 2013.

2. Skólastjóri grunnskóla kynnti niðurstöðu skoðanakönnunar vegna seinkunar á heimakstri. Spurt var um hvort að seinkun á heimakstri hefði nýst þeim. Alls fengust svör frá 23 heimilum eftir ítrekun eða frá um helmingi heimila.. 17 heimili voru jákvæð og töldu fyrirkomulagið hafa nýst vel þeirra heimilum. Þrjú heimili upplifðu fyrirkomulagið á neikvæðan hátt og þrjú heimili voru hlutlaus.

Skólastjóri grunnskóla kynnti nýjar skólareglur þar sem tekið er tillit til hver beri ábyrgð á dreifbýlisbörnum þá daga sem seinkun er á heimakstri. Skólaráð grunnskólans er búið að samþykka þær reglur fyrir sitt leyti. Fræðsluráð samþykkir breytingarnar á skólareglunum sem eru eftirfarandi: Sérstakar reglur í biðtíma eftir skólabíl:

Nemendum í 1-6. bekk er ekki heimilt að yfirgefa skólalóð eftir að stundaskrá lýkur á meðan beðið er eftir heimferð skólabíls, t.d vegna íþrótta-og æskulýðsstarfs eða annarra einkaerinda nema með leyfi foreldra.

Nemendum í 7-10.bekk er heimilt að yfirgefa skólalóð eftir að stundaskrá lýkur á meðan beðið er eftir heimferð skólabíls, t.d . vegna íþrótta-og æskulýðsstarfs eða annarra einkaerinda, nema foreldrar óski eftir því að nemenda sé gætt sérstaklega.

Skólareglurnar verða birtar á heimasíðu grunnskólans.

Almennar athugasemdir hafa borist frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti um talningu á skóladögum, eftir að fræðsluráð Húnaþings vestra staðfesti skóladagatal næsta skólaárs.

Óheimilt er að telja einn skóladag sem tvo. Fræðsluráð sér ekki ástæðu fyrir því að taka upp skóladagatalið nú en að það verði gert fyrir skólaveturinn 2013-2014 samkvæmt ábendingum ráðuneytisins.

Skólastjóri grunnskóla gerði grein fyrir breytingum á starfsmannahaldi næsta skólavetur. Breytingar á starfsmannahaldi fyrir næsta skólaár verða kynntar í starfsáætlun á heimasíðu skólans.

3. Rekstaraðili skólabúðanna fór yfir starfsemi vetrarins. Síðasta vetur voru yfir 3100 nemendur í skólabúðunum og var hann sá fjölmennasti. Reynt er að hafa aldrei fleiri en 100 nemendur í einu. Nú þegar er fullbókað næsta vetur. Öllu starfsfólki var sagt upp í vor og var öllum gefinn kostur á endurráðningu.. Umsóknarfrestur á störfum í skólabúðunum næsta vetur er til 20.júní. Lagt verður uppúr skil á starfsskýrslum fyrir næsta starfsmannahóp. Í vinnslu eru skýrar starfslýsingar fyrir hvern og einn og ýmislegt annað sem verið er að skerpa á. Starfið hefst 27.ágúst.

Ferðabjónusta verður bara í júní og júlí vegna mikilla framkvæmda í sundlaug og annarsstaðar í skólahúsnæðinu. Fræðsluráð leggur áherslu á að starfsfólk skólabúðanna verði kennara-eða uppeldismenntað. Verkefnið Undraheimur auranna er nú búið að prenta út fyrir öll ungmenni sem vinna í Landsvirkjun og kostar Landsvirkjun útgáfuna. Fulltrúi Landsvirkjunar mun vera með kynningar fyrir ungmennin. Allt kennsluefni skólans verður eins næsta vetur. Útilit er fyrir að landbúnaðarfræðsla verði starfrækt á ný haustið 2013 í samvinnu við bóndabýli.

4. Skólastjóri tónlistarskóla fór yfir starfsemi vetrarins. Skólastarf var fjölbreytt í vetur og margir viðburðir yfir veturinn. Þrátt fyrir tölvuverð mannskípti misstu nemendur lítið úr. Nemendaígildi næsta vetrar eru orðin 110 og tónlistarskólinn getur tekið við fleiri nemendum. Skólastjóri gerði grein fyrir breytingum á starfsmannahaldi næsta skólavetur þar sem nánast sami starfsmannahópur verður áfram. Guðmundur Hólmar Jónsson kemur aftur til kennslu og Ásgeir Trausti Einarsson mun hætta kennslu.

Mál tekin á dagskrá:

Leikskólastjóri kynnti áfallaáætlun leikskólans Ásgarðs. Leikskólastjóri kynnti einnig lokaritgerðir leikskólakennara úr Húnaþingi vestra sem voru að útskrifast í vor. Ritgerð Þórunnar Helgu Þorvaldsdóttur um Barnavernd í leikskólum og ritgerð Sigurbjargar Þórunnar Marteinsdóttur og Unnar Helgu Marteinsdóttir um Flæði í leikskóla. Þær er hægt að nálgast í leikskólanum og verða einnig kynntar í fréttabréfi til foreldra. Framkvæmdir á leikskólalóð eru á áætlun.

Formaður fræðsluráðs kynnti fundarfólki drög að námssviða-og námsgreinahluta nýrrar aðalnámsskrár sem finna má á heimasíðu Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Frestur til athugasemda verður 7. september 2012.

Fræðslu- og félagsmálastjóri sagði frá stöðu dreifnáms. 20 nemendur eru skráðir í dreifnámið. Fjölbrotaskoli Norðurlands vestra hefur auglýst starf umsjónarmanns dreifnáms og rennur umsóknarfrestur út 14.júní. Námið mun fara fram á neðri hæð félagsheimilisins.

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fulltrúi foreldra leikskólabarna Sesselja Aníta Ellertsdóttir og fulltrúi starfsfólks leikskóla Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir sátu fundinn undir málefnum leikskólans. Fulltrúi starfsfólks í grunnskóla Kristín Ólöf Þórarinsdóttir sat fundinn undir málefnum grunnskólans.

Fundargerð upplestin og samþykkt

Rakel Runólfsdóttir (sign.),  
Gísli G. Magnússon (sign.),  
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),

Fundi slitið kl: 17.15

Borghildur H Haraldsdóttir(sign.),  
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.),  
Sigrún Waage (sign.).